



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**12. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 14. ágúst 2024
og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Einar Þorsteinsson, Guðlaugur Kristmundsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Líf Magneudóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Valdimar Víðisson, Valdimar Birgisson, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald frá umræðum 11. fundar.

Fyrir liggur tillaga að efnislegum grundvelli ákvörðunar stjórnar ESA sem felur það í sér að efnahagsleg starfsemi Sorpu verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Um er að ræða móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi og urðunarstað í Álfsnesi.

Tillagan sem lögð er fram til afgreiðslu stefnuráðs er því sú að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs., sbr. framangreint, verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Markmiðið er að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA er varðar ríkisstyrk sem Sorpa bs. hefur notið í formi tekjuskattsundanþágu.

Haraldur Flosi Tryggvason kynnti.

Umræður. Til máls tóku Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Einar Þorsteinsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Þór Sigurgeirsson.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Lovísa Jónsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu og lögfræði hjá Sorpu bs.

Niðurstaða:

Stefnuráð byggðasamlaganna fellst fyrir sitt leyti á að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. samkvæmt framangreindri skilgreiningu verði færð í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA og að tillögu þess efnis verði vísað til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að innleiðingu verði lokið um áramótin 2025-2026.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Vinnu stefnuráðs varðandi framtíðarstefnumótun Sorpu bs. og úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu er ólokið. Áréttað er að samþykkt framangreinds bindur ekki hendur eigenda við frekari stefnumótun, þ.á.m. varðandi breytingar á rekstrarformi Sorpu bs. kjósi þeir svo.

Samþykkt

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar og annar formanna stefnuráðs sleit fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15.